SÓSÍALISTAFLOKKUR ÍSLANDS

Fundargerð 29. október 2018

Sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og félagastjórnar Sósíalistaflokks Íslands, haldinn 29. október 2018 í húsakynnum Hlutverkaseturs Borgartúni 1. Fundur hófst kl 19:05.

Mætt voru Auður Traustadóttir, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Andri Sigurðsson, Bogi Reynisson, Pálína Sjöfn Þórarinsdóttir, Sigurður Gunnarsson, Sigurður H. Einarsson, Viggó K. Jóhannsson, Katrín Baldursdóttir, Elsa Björk Harðardóttir og Reinhold Richter. Jóhann Helgi Heiðdal talaði við okkur frá Danmörku.

1. Umræður um sellur. Gengur vel að starta sellum. Tveir sellufundir á dagskrá í vikunni. Almennt taka félagsmenn mjög vel í að hittast. Katrín B. ætlar að sjá um að stofna sellu fyrir sósíalista erlendis.

2. Verið er að stofna Maístjörnuna og reikning fyrir hana, sjóð til að styrkja baráttu hinna verr settu.

3. Stúdentafélag sósíalista er í bígerð. Áætlað að hittast á fundi fyrir næsta mánudag til að ræða næstu skref.

4. Umræður um Neytendasamtökin. Erfitt að sannfæra fólk um mikilvægi neytendamála. Umræður um málin komust aldrei inn í fjölmiðla. Þáttaka meðframbjóðenda var ekki nægileg.

Önnur mál: Umræður um mögulegar kosningar.
Umræða um að búa til rithóp fyrir fólk til að fá yfirlestur og athugasemdir á greinar.